

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um loftgæðamæla við leikskóla sem standa nærri stofnbrautum í Reykjavík

Skóla- og frístundaráð samþykkir að koma fyrir loftgæðamæli við þá leikskóla sem standa við eða nærri stofnbrautum í Reykjavík til að tryggja að börn andi ekki að sér heilsuspillandi svifryki þegar svifryksmengun fer yfir heilsuverndarmörk.

Greinargerð:

Fram kom í Kastljóspætti RÚV í liðinni viku að leikskólar sem staðsettir eru við stofnbrautir eða í nágrenni þeirra þurfa að halda börnum æ oftar inni vegna svifryksmengunar. Mikilvægt er að leikskólar búi yfir öruggum og óháðum upplýsingum um það þegar svifryk fer yfir heilsuverndarmörk til að geta brugðist við og gert viðeigandi ráðstafanir. Það er ekki boðlegt að leikskólastjórar sjálfir þurfi að meta ástandið út frá mælum sem staðsettir eru fjarri leikskólunum.

Samhliða því þarf að vinna í mótvægisáðgerðum til að bæta loftgæði og draga úr svifryksmengun við leikskólana enda eiga börn allaf að njóta vafans. Í 24. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að börn eiga rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, hreinu drykkjarvatni, hollum mat og hreinu og öruggu umhverfi. Allir eiga að fá upplýsingar um hvernig sé hægt að lifa öruggu og heilbrigðu lífi.

Oftar en ekki sér heilbrigðiseftirlitið sig knúði til að vara borgarbúa við of mikilli loftmengun og þeir sem eru viðkvæmir í lungum eða með undirliggjandi öndunarfarasjúkdóma er ráðlagt að halda sig innan dyra. Leikskólar sem eru í nágrenni við stofnbrautir þurfa æ oftar að halda börnum inni vegna svifryksmengunar.

Samkvæmt loftgæðaskýrslu Umhverfisstofnunar Evrópu má rekja allt að 60 ótímabær dauðsföll til svifryksmengunar á Íslandi árlega. Þá er sömuleiðis talið að samband sé á milli notkunar hjarta- og astmalyfja og loftmengunar í Reykjavík.

Reykjavíkurborg ber að tryggja börnum heilnæmt umhverfi á starfsstöðvum sínum og því brýnt að tillagan verði samþykkt hið fyrsta svo hægt verði að koma upp loftgæðamælum sem fyrst við leikskólana.